

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 - 2014 og aðalskipulagi Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest aðalskipulag Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 - 2014 og aðalskipulag Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunirnar og Skipulagsstofnun afgreitt þær til staðfestingar.

Aðalskipulög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hellu 1977-1998, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.